

ræðisлага nr. 95/1947 í veðbréfum uppboðsbeiðanda, telur rétturinn, að veðsali hafi með undirritun á framangreind veðskuldabréf gengist undir þá skilmála, er framangreind lagagrein fjallar um, og telur engu máli skipta, hvort talað er um „afborganir og vexti“ eða um „afborganir eða vexti.“ Það er því niðurstaða réttarins, að framangreind krafa gerðarbeiðanda um það, að annað og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Háholti 22 í Keflavík nái fram að ganga, er tekin til greina, og skal annað og síðasta uppboð fara fram til lúkningar greiðslu á framangreindum 6 veðskuldabréfum auk vaxta og kostnaðar.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu ber gerðarþola að greiða gerðarbeiðanda málskostnað, sem að mati réttarins þykir hæfilegur 4.000,00.

Úrskurð þennan kvað upp Jón Eysteinnsson bæjarfógeti.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Annað og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Háholti 22, Keflavík, eign gerðarþola, Guðjóns Ómars Haukssonar, skal fara fram til lúkningar öllum kröfum gerðarbeiðanda, Jóns Gunnars Zoëga, í máli þessu föstudaginn 8. október 1982 kl. 14.00.

Gerðarþoli, Guðjón Ómar Hauksson, greiði gerðarbeiðanda, Jóni Gunnari Zoëga, kr. 4.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. janúar 1985.

Nr. 3/1985. **Ákærvaldið**

gegn

**Kristínu Gísladóttur**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. janúar 1985, sem barst Hæstarétti 11. s.m., og krafðist þess aðallega, að

úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Til vara krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvistin verði ákveðin styttri en í hinum kærða úrskurði. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

#### Úrskurður sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 9. janúar 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 9. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fikniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

#### Málsatvik.

Fimmtudaginn 3. þessa mánaðar kom flugleiðis hingað til lands frá Amsterdam Halldór Lárus Pétursson, f. 6.3.1958, til heimilis að Meistaravöllum 17 hér í borg, eftir fárra daga dvöl ytra. Samkvæmt athugunum lögreglu var þetta fimmta Hollandsför Halldórs þessa á undanförnum 10 mánuðum, en ekki vitað til, að hann hafi aflað neinna tekna árin 1983 eða 1984. Fikniefnaleit á nefndum Halldóri og í farangri hans bar ekki árangur. Lögregla hefur eftir þessa heimkomu gefið mjög nánar gætur Halldóri þessum og fleiri grunuðum.

Þann 5. þessa mánaðar fannst á Tollpóststofu bréf, póstlagt í Amsterdam 3. þessa mánaðar, stílað á Halldór Lárus Pétursson. Bréfið var opnað að undangengnum úrskurði hér við embætti, og reyndust í því 8.3 gr af ætluðu amfetamíndufti, en á korti í nefndu bréfi auk þess fingraför margnefnds Halldórs.

Laugardaginn 5. þessa mánaðar hélt flugleiðis til Amsterdam Hilmar Ragnarsson, f. 14.8.1962, til heimilis að Yrsufelli 5 hér í borg, að mati lögreglu á vegum Halldórs Lárusar, enda staðreynt, að föstudaginn 4. þessa mánaðar keypti Kristín Gísladóttir, f. 2.5.1963, sambýliskona Halldórs Lárusar, umræddan flugmiða á nafn Hilmars Ragnarssonar. Hilmar þessi kom flugleiðis hingað til lands í gærkveldi og reyndist þá hafa falið innvortis ætlað amfetamínduft. Hefur hann skilað niður af sér liðlega 103 gr af slíku, en jafnframt lýst, að á nokkru meiru sé von.

Hilmar Ragnarsson hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi skýrt svo frá,

að hann hafi haldið utan að undirlagi Halldórs Lárusar í því skyni að sækja og flytja hingað til lands fíkniefni í eigu Halldórs þessa, en Kristín Gísladóttir áður nefnd hafi vitað um þessa ráðagerð og m.a. greitt fyrir flugfar- miða Hilmar.

Í dag var handtekin Sigríður Brynja Pétursdóttir, systir Halldórs Lárusar, og reyndist hafa í sínum fórum liðlega 8 gr af ætluðu amfetamíndufti. Sigríður þessi hefur hjá lögreglu skýrt svo frá, að Halldór Lárus hafi þann 3. þessa mánaðar póstlagt til hennar frá Amsterdam um 10 gr af slíku dufti samkvæmt fyrra samkomulagi. Sigríður þessi var og í för með áður nefndri Kristínu Gísladóttur, er þær komu flugleiðis hingað til lands frá Amster- dam þann 28. ágúst sl.

Kristín Gísladóttir reyndist þá hafa leynt innvortis um 100 gr af amfetamíndufti, sem fannst og var haldlagt. Kristín þessi hefur nú fyrir dómi staðfest kaup sín sl. föstudag á flugfarmiða fyrir Hilmar Ragnarsson, en talið endurgreiðslu á peningaláni frá honum.

Þá kvaðst Kristín Gísladóttir við handtöku á Flugleiðahóтели hér í borg í gærkveldi hafa verið að bíða komu Hilmar Ragnarssonar og Halldór Lárus þar einnig verið viðstaddur, enda hann og Hilmar þessi kunnugir. Kristín Gísladóttir hefur alfarið neitað að eiga hlut að neins konar fíkniefnamisferli tengdu áður nefndum nýlegum utanferðum Halldórs Lárusar og Hilmar Ragnarssonar. Halldór Lárus hefur og fyrir dómi neitað öllum slíkum sökum en ekki skýrt tíðar utanferðir, vinnu eða tekjuöflun.

Af hálfu lögreglu yfirvalda er fram sett krafa um allt að 30 daga gæslu- varðhaldi Kristínar Gísladóttur í þágu rannsóknar máls þessa.

Réttargæslumaður hefur mótmælt þessari kröfugerð sem óþarfri, en auk þess sérstaklega mótmælt tímalengd kröfunnar.

#### *Niðurstöður.*

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 390, 1974.

Kristín Gísladóttir er í því sambandi grunuð um háttsemi, sem varðað gæti hana fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu, að hér verði beitt gæsluvarðhaldi.

Ætla verður, að rannsókn máls sé enn á frumstigi og mörg atriði ókönnuð.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir í þágu rannsóknar rétt að verða við fram kominni kröfu lögreglu yfirvalda og gera Kristínu Gísladóttur, f. 2.5.1963, að sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 19.05 í dag að telja og allt að jafnlengd þriðjudaginn 29 þessa mánaðar.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kristín Gísladóttir, f. 2.5.1963, til heimilis að Meistaravöllum 17 hér í borg, skal sæta gæsluvarðhaldi frá 9. janúar 1985, kl. 19.05 að telja, og allt að jafnlangd þriðjudaginn 29. janúar 1985.

Miðvikudaginn 16. janúar 1985.

Nr. 68/1983. **Fiskvinnslan h/f**

(Barði Friðriksson hrl.)

gegn

**Fríðu Sigurðardóttur**

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Vinnulaun. Lög nr. 19/1979. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thorodd-  
sen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. Hann gerir aðallega kröfu um, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu, en til vara er krafist lækkunar á stefnukröfunni í kr. 1.573,89. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi kemur fram, að á þeim tíma, er hér skiptir máli, hafi fiskvinnslustöð áfrýjanda unnið hráefni frá tveimur tog-  
urum, Gullbergi NS 11, sem áfrýjandi gerði út og átti sjálfur, og Gullveri NS 12, sem gerður var út af eigandanum, Gullbergi h/f, en lagði aflu sinn upp hjá áfrýjanda. Af gögnum málsins má sjá, að Gullver NS 12 lagði síðast fyrir vinnslustöðvunina upp aflu sinn hjá áfrýjanda 8. júlí 1980. Í málinu er bréf stjórnar Gullbergs h/f um þessi viðskipti, og segir þar m.a.: